

## 32. gr.

64

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa, þar á meðal inn og út úr höfninni.

6. apríl

## 33. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 60 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 nettó rúmlestir og 20 aura fyrir hverja rúmlest þar yfir.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 200 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 30 aurar fyrir hverja nettó rúmlest frá 100 til 3000 rúmlestir og 10 aurar fyrir hverja nettó rúmlest þar yfir.
- c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni, greiðist 100 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 nettó rúmlestir og 45 aurar að auki fyrir hverja nettó rúmlest fram yfir 100.
- d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 31. gr. greiða 6 krónur í hafnsögusjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1956.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

65

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 144 30. júlí 1951.

12. apríl

## 1. gr.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

## I. RAFORKUSALA

Rafveita Borgarness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Til lýsingar.

Um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig: 60 aurar á mánuði af hverjum m<sup>2</sup> gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. — Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í geymslum og göngum o. þ. h.

## B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 45 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er reiknast þannig: 5.70 kr. á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. — Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

65

## C. Til véla.

12. apríl

Um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst.

Ársnotkun umfram 300 kwst. á hvert kw. í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla greiðist með 50 aurum hver kwst.

## D. Til hitunar.

Um kwst.mæli á:

- |    |     |      |        |       |     |      |    |     |       |      |   |          |
|----|-----|------|--------|-------|-----|------|----|-----|-------|------|---|----------|
| 1. | 16  | aura | hverja | kwst. | með | allt | að | 1½  | klst. | rofi | á | sólarhr. |
| 2. | 15  | —    | —      | —     | —   | —    | —  | 2½  | —     | —    | — | —        |
| 3. | 12  | —    | —      | —     | —   | —    | —  | 4½  | —     | —    | — | —        |
| 4. | 8.5 | —    | —      | —     | —   | —    | —  | 14½ | —     | —    | — | —        |
| 5. | 30  | —    | —      | —     | —   | —    | —  | án  | rofs. |      |   |          |

Gjaldið breytist með útsöluverði á kolum og dieselolíu í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við grunnverðin 520 kr. á kolatonn og 80 aura á olíulitra, þó þannig, að gjaldið miðast við það eldsneytisverðið, sem er lægra hlutfallslega miðað við grunnverðin. — Gjaldið standi jafnan á heilum eða hálfum eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar), að dómi rafveitustjóra.
- Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
- Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyriræðlum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
- Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

## E. Til ýmissa nota.

- Til véla til matvælaíðnaðar um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst., enda sé uppsett rafvélaafl fastra véla yfir 40 kw og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kwst. á hvert uppsett kw. þeirra. — Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. um hádegis, á tíma mesta álags.
  - Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst.
  - Til vinnulagna við byggingar í smíðum um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst.
  - Til lýsingar án fastagjalds og til ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar, um kwst.mæli á 180 aura hverja kwst.
- Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

2. gr.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 99 7. júlí 1954, um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 144 30. júlí 1951.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 12. apríl 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*